

## 8. gr.

Eiganda eða umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Eigandi eða umráðamaður skal geyma hreinsunartottorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlitsaðila ef óskað er.

## 9. gr.

Leyfishafa er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Leyfishafa ber að greiða það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

## 10. gr.

Leyfishafi skal hafa kött sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki. Váttryggingin skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Váttryggingaupphæð verði samkvæmt almennum skilmálum tryggingafélaga.

## 11. gr.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villi- eða flækingsköttum. Í því skyni er heimilt að koma fyrir búrum, agni eða sambærilegum tækjum til að fanga ketti. Ómerktur köttur sem fangaður er þannig skal geymdur í 7 daga. Hafi kattarin ekki verið vitjað innan þess tíma skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, hann seldur fyrir áföllnum kostnaði eða aflífaður. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða leyfisgjald og áfallinn kostnað.

## 12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

## 13. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af öllum sveitarstjórnnum á Suðurnesjum staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Umhverfissráðuneytinu, 28. apríl 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir kattahald á Suðurnesjum.**

## 1. gr.

Eigendur katta á Suðurnesjum skulu greiða Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja skráningargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald á Suðurnesjum.

## 2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 15.000. Þeir eigendur katta sem skrá ketti sína hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja innan 3 mánaða frá dagsetningu þessarar samþykktar greiða kr. 10.000.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af öllum sveitarstjórnnum á Suðurnesjum með vísan í samþykkt um kattahald á Suðurnesjum nr. 395/2004 frá 28. apríl 2004, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Suðurnesjum, 10. maí 2004.*

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum,

**Magnús H. Guðjónsson,**

framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Sultartangalína 3 og Brennimelslína 1, Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 2004 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í nýrri 400 kV háspennulínu, Sultartangalínu 3 (SU3), sem liggur um mörg sveitarfélög milli tengivirkis í Sultartangastöð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og að tengivirki á Brennimel í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Línan kemur inn á skipulagssvæðið við Sesseljuhrygg, liggur niður Kúhalladal og um Ferstikluháls, Saurbæjarháls, Brennifell, Svarf-hólsháls og niður Seldal að Brennimel. Jafnframt eru gerðar breytingar á Brennimelslínu 1 frá Ferstiklu að Brennimel, þannig að línan verður endurbyggð sem 400 kV lína og mun liggja um 50 m sunnan við og samsíða SU3. Á breytingarupprætti eru einnig gerðar lagfæringar á legu Brennimelslínu 1 og Sultartangalínu 1 þar sem ónákvæmni gætti í framsetningu þeirra í gildandi svæðisskipulagi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Hvalfjarðarstrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 26. apríl 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*